



Reykjavík, 2. maí 2024

VEL23050039

UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.

Efni: Umsögn við tillögu fulltrúa Flokks fólksins um sölu afsláttarkorta til öryrkja á sölustöðum Strætó

Þann 24. maí 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um sölu afsláttarkorta til öryrkja á sölustöðum Strætó:

Tillaga um að öryrkjum sé heimilt að kaupa afsláttarkort á fleiri farmiðasölustöðum í borginni en ekki eingöngu á Hesthálsi. Í þessari tillögu er lagt er til „að öryrkjar fái að kaupa afsláttarkort á fleiri farmiðasölustöðum eins og aðrir farþegar geta og mega kaupa á.“ Undrun sætir að þetta sé ekki nú þegar hægt og það fyrir löngu því þetta er gróf mismunur. Eins og staðan er núna mega öryrkjar einungis kaupa afsláttarkort sín í gegnum Klapp „appið“ eða með því að fara í móttöku Strætó á Hesthálsi 14.

Umsögn:

Strætó hefur frá því öryrkjafargjald eða önnur afsláttarfargjöld voru í boði gert kröfu um að auðkenning sé nauðsynleg til að hægt sé að kaupa viðkomandi fargjöld. Ekki hefur verið vikið af þeirri stefnu með nýju greiðslukerfi og eru því þeim sem hafa rétt á að kaupa afsláttarfargjöld nauðsynlegt að auðkenna sig þ.e. sýnt sé að þeir sannanlega eigi rétt á þeim. Í eldra kerfi var auðkenningin brothætt og hafði það veruleg áhrif á tekjur Strætó. Í núverandi greiðslukerfi er brugðist við því, enda hlutverk Strætó að gæta hagsmuna eigenda sinna og að viðskiptavinir greiði rétt fargjald. Ekki stendur því til að breyta því fyrirkomulagi sem er í gildi á sölu afsláttarkorta. Allir viðskiptavinir geta keypt fargjöld á netinu og fengið sent heim til sín ef þeir eiga ekki heimangengt eða fengið aðstoð hjá starfsfólki Strætó við fargjaldakaup.

Með því að opna fyrir frjálsa sölu á afsláttarfargjöldum hjá endursöluaðilum er aukin áhætta fyrir hugsanlegt svindl/misnotkun með fargjaldið.

Frá því núverandi greiðslukerfi var tekið upp hefur innheimta stórbatnað og viðskiptavinir í auknum mæli að greiða fargjald eftir þeim flokki sem þau tilheyra og vel hefur tekist að ná utan um það sem virðist hafa verið umfangsmikið svindl með örorkufargjald í fyrra kerfi. En samanburður á notkun fargjaldsins fyrir og eftir innleiðingu Klappsins gefur nokkuð sláandi niðurstöður í ljós. Árið 2019 seldust tæplega 520.000 stakir miðar fyrir aldraða og öryrkja, samanborið við 98 þúsund árið 2023.

Tímabilsorkhöfum í þessum fargjaldaflokki fjölgaði úr 892 árið 2019 í 1.470 árið 2023.

Þessi mál eru að sjálfsögðu í stöðugri rýningu og eitthvað kemur upp sem kallar á stefnubreytingu verður það að sjálfsögðu skoðað.



Reykjavík